

EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

4. stjórnarfundar EBAK miðvikudaginn 5. sept. 2018

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson og Birgir Svavarsson.

Fjarverandi: Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Egill Jónsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

1. **Fundarsetning** – 4. fundar stjórnar EBAK 2018 – 2019.
2. **Fundargerð stjórnar EBAK** nr. 3 frá 5. júní 2018 yfirfarin og afgreidd.
3. **Fundargerð aðalfundar 2018** frestað til næsta fundar.
4. **Dagbók** á skrifstofu yfirfarin og skipulag viðveru rætt. Ákveðið að auglýsa opnun 12. sept. og þá yrði Hallgrímur Gíslason með viðveru.
19. sept. verður Haukur Halldórsson; 26. sept. Garðar Lárusson;
3. okt. Margrét Pétursdóttir.
Umræða var um nefndarfundir á skrifstofunni og nauðsyn þess að nefndir bóki fundartíma hjá Lindu.

5. Umfjöllun um verkefni milli stjórnarfunda

a) Nýtt öldungaráð:

Fulltrúar EBAK: Sigríður Stefánsdóttir, Halldór Gunnarsson og Valgerður Jónsdóttir, Jón Aðalsteinn Hermannsson varamaður.

Fulltrúar Akureyrarbæjar: Dagbjört Pálsdóttir og Gunnar Gíslason, Guðmundur Baldvin Guðmundsson varamaður.

Halldór Gunnarsson var fulltrúi EBAK á kynningarfundir í velferðarráðuneytinu um nýsköpunarverkefni hjá Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar. Fjölga á einstaklingum í dagþjálfun, sem verður alla daga vikunnar. Stefnt að opnum fundi fyrir eldri borgara um þessi mál í október í Bugðusíðu.

Hallgrímur vakti athygli á að ný lög um Öldungaráð taka gildi 1.okt. nk. Halldór ætlar að ræða við Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóra samfélagssviðs um hvernig bæjarstjórn hyggst bregðast við þessum nýju lögum.

b) Starfsemi gönguklúbbs EBAK – fimmtudagsgöngur fram á haustið?

12 gönguferðir voru skipulagðar vikulega á fimmtudögum sl. vor, þ.e. í júní, júlí og ágúst. Þátttaka var góð, - frá 13 upp í 38 manns í ferð. Almenn ánægja er hjá þátttakendum með þessar gönguferðir.

Stjórn EBAK þakkar umsjónarmönnum gönguklúbbsins, þeim Jónasi Stefánssyni, Valgerði Jónsdóttur og Svölu Sigurðardóttur fyrir gott starf í þágu EBAK tvö sl. sumur. Þau gefa ekki kost á sér til þessara starfa á næsta ári.

Áhugi hefur komið fram um að halda fimmtudagsgöngum áfram út september og þeir Garðar Lárusson og Hallgrímur Gíslason stjórnarmenn í EBAK sjá um þær.

- c) **Starfsemi Bugðusíðunefndar** í sumar, mikilvægt og mikið sjálfboðastarf sem vert er að sýna þakklætisvott. Nefndin óskar eftir að stjórnarmenn mæti í Pálínukaffi mánudaginn 10. sept. nk. Samþykkt að afhenda þeim þá gjafakort sem viðurkenningarvott.

d) Víðilundur í júlí. Linda Sigfúsdóttir sá um starfið þar. Opið var frá kl. 9 til 12 og var mikil ánægja með það. Vantar tölur um fjölda gesta.

e) Búfesti – húsnaðissamvinnufélag. Haukur og Halldór áttu fund með Benedikt Sigurðarsyni varðandi hugmyndir Búfesti um byggingu íbúða fyrir fólk á Akureyri á aldrinum 60+. Þeir skrifuðu undir stuðningsyfirlýsingu fyrir hönd EBAK. Almennur kynningarfundur er fyrirhugaður í Bugðusíðu seint í október.

f) Harmonikuhurðin milli eldhússins og salarins hefur laskast og þarfnast viðgerðar. Margrét tók að sér að senda Bergljótu tölvupóst vegna hennar.

6. **Lýsa**, rokkhátíð samtalsins 7. sept. og 8. sept. nk. Haukur verður fulltrúi EBAK þar.
7. **Starfsmannahald í Bugðusíðu** frá hausti 2018, tvö hlutastörf, þar með taldar afleysingar vegna forfalla o.fl. Linda Sigfúsdóttir er þegar ráðin í 37% starf, þ.e. 3 klst. virka daga. Stjórnin samþykkti að rætt yrði við Sunnu Dögg Tavsén um að hún verði ráðin í 50% starf, þ.e. 4 klst. virka daga til áramóta. Vinnutími hennar verði sveigjanlegur.
8. **Matarinnkaup í félagsmiðstöðinni.** Innkaupin fóru gegnum reikninga bæjarins í sumar en þannig getur það ekki verið áfram. Framkvæmdin rædd og FKR falið að koma þessu á hreint.
9. **Vetrarstarfið 2018 í félagsmiðstöðvunum** í Bugðusíðu og Víðilundi. Fréttabréf Akureyrarbæjar fer í prentun 5. sept. nk. Handverkið og annað vetrarstarf á vegum bæjarins byrjar 12. sept.
10. **Vetrarstarf nefnda 2018.** Haustfundur stjórnar EBAK með formönnum nefnda ákveðinn **19. september nk. kl. 10.30.**
11. **Húsnaðismál félagsmiðstöðvarinnar** – sbr. samþykkt aðalfundar. Stjórn EBAK vinnur að skipun nefndar sem fær það hlutverk að ræða við Akureyrarbæ um hugsanlegar breytingar og/eða stækkun á húsnaði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu.
12. **Næsti stjórnarfundur ákveðinn mánudaginn 24. sept.** kl. 13 – 15. Skrifstofan er opin á miðvikudögum kl.15 -16.
13. **Önnur mál:**
 - a) Afsláttarbókin – skipa þarf nefnd með tengingu við stjórnina.
 - b) Frestað að skipa í notendaráð.
 - c) Halldór lagði fram tillögu að bókun eftir samtal við Þorstein Friðriksson formann spilanefndar í keppnisbridds. Bókunin var rædd og breytt lítillega. - Niðurstaðan varð eftirfarandi:

Stjórn EBAK telur eðlilegt að spilanefnd í keppnisbridds innheimti hófleg þátttökugjöld af spilurum m.a. til kaupa á verðlaunum o.fl. Í starfslýsingu nefndarinnar segir m.a. - „að félagsmenn skuli njóta betri kjara en þeir sem eru utan félagsins.“ Þessi regla er notuð í ríkara mæli hjá nefndum á vegum félagsins og við greiðslu námsskeiðsgjalda (sbr. dansnámskeið 2018). Eftir sem áður greiðir félagið kostnað vegna auglýsinga klúbbsins í fjölmiðlum og leggur til þann búnað sem þarf s.s. sagnabakka, spilabakka, spil o.fl.

Samþykkt samhljóða.

Margrét Pétursdóttir, ritari EBAK